



FUNDARGERÐ 146. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 18. desember 2017 kl: 16 var haldinn símafundur hjá heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþór Garðarsson (EG)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Ragnildur Sigurðardóttir (RS)
Trausti Gylfason (TG)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna að símtækjum og var síðan gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun HeV 2018.

Borist hefur formlegt samþykki vegna fjárhagsáætlunar HeV frá Akraneskaupsstað og Hvalfjarðarsveit. Engar athugasemdir hafa komið frá öðrum sveitarfélögum.
Framkvæmdastjóra falið senda breytta gjaldskrá í Stjórnartíðindi.

2. Gjaldskrár sveitarfélaga 2018.

Hvalfjarðarsveit:

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og urðun sorps 2018.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

Stykkishólmur:

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu 2018.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt nr. 50/2012 um meðhöndlun úrgangs í Stykkishólmi.

Snæfellsbær:**Gjaldskrá fyrir sorphirðu og eyðingu sorps 2018.**

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007.

Akranes:**Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald 2018.**

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald nr. 782/2010 og samþykkt um kattahald á Akranesi nr. 781/2010.

Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og sorpeyðingu 2018.

Heilbrigðisnefndin telur að efnisatriði gjaldskrárinnar séu í fullu samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.

Grundarfjörður:**Gjaldskrá fyrir hundahald 2018.**

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011.

Gjaldskrá fyrir kattahald 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfirði nr. 368/2006.

Dalabyggð:**Gjaldskrá fyrir sorphirðu og eyðingu 2018.**

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt nr. 171/1995 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

Gjaldskrá fyrir fráveitu og rotþrær 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Dalabyggð nr. 198/2004.

Borgarbyggð:

Gjaldskrá fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 295/2007.

Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli 2018.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð nr. 107/2008.

3. Arctic Prótein, Sólbakka 4, Borgarnesi. Lyktarmál.

Á 145. fundi heilbrigðisnefndar, þann 30 .október s.l. var fyrirtækinu gefinn frestur til 15. nóvember til að svara bréfi frá HeV vegna kvartana um lykt og ófullnægjandi lofthreinsibúnað frá vinnsluhúsi. Bréf barst síðan þann 22. nóvember s.l frá forsvarsmanni fyrirtækisins en engar áætlanir um breytingar á mengunarvarnabúnaði liggja fyrir. Fyrirtækið hefur tilkynnt með tölvusamskiptum í desember að leitað hafi verið til verkfræðifyrirtækis um lausnir en engar áætlanir eru tilbúnar.

Heilbrigðisnefndin gefur fyrirtækinu frest til 15. janúar n.k til að koma með tímasettar áætlanir um lausnir vegna lyktarmála enda verði framkvæmdum lokið eigi síðar en 1. mars n.k.

4. Starfsleyfi.

SBB sf, réttunga-og sprautuverkstæði, Sólbakka 5, Borgarnesi. – *Endurnýjað.*

Eðalfiskur ehf, vinnsla á fiski, Vallarás 7-9, Borgarnesi.- *Nýtt leyfi.*

Kví Kví, sælgætis-, sultu-, brauðgerð í Ensku Húsunum, Borgarbyggð. – *Endurnýjað leyfi.*

Nesbrauð ehf, Nesvegi 1 Stykkishólmi. Bakarí. – *Endurnýjun.*

Skáney Reykholtssdal, minni gististaður í reiðhöll og íbúðarhúsi. – *Nýtt.*

Matstofan ehf, Brákarbraut 3, Borgarnesi. Veitingastaður – *Endurnýjun*

Bónus, Digranesgötu 6 í Borgarnesi- matvöruverslun. – *Endurnýjun.*

Dalakot ehf, Dalbraut 2, Búðardal. Veitinga og gististaður – *Endurnýjun.*

Eiði, Grundarfirði, íbúð, gististaður- *Nýtt*

HL ehf, Brekkukoti, Reykholtssdal. Ísframleiðsla, (leyfi sbr. lög nr. 7/1998 - *Nýtt*

Krauma, Deildartungu III, Borgarbyggð. Veitingastaður- *Nýtt*

Veiðifélag Laxár Leirársveit ehf, Veiðihúsið Stóra-Lambhaga, Hvalfjarðarsveit, gisti-og veitingastaður. – *Endurnýjun*

N1 Hyrnutorgi, Borgarnesi – *Endurnýjun.*

Ljómalind ehf / Matarlind Sólabakka 4, Borgarnesi- Matarsmiðja. – *Nýtt*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

5. Brennuleyfi.

Ungmennafélag Stafholtstungna, brenna við félagsheimilið Þinghamar, Varmalandi, 2. janúar 2018.

Grundarfjarðarbær brenna í landi Hrafnkelsstaða, 6. janúar n.k.

Ungmennafélagið Íslendingur, brenna við Tungutúnsborg við Hvanneyri 31. desember n.k.

Ungmennafélag Reykdæla, brenna á Tíðamel við Reykholt, 31. desember n.k.

S.A f.h íbúa við Víðigrund. Brenna við Víðigrund á Akranesi, lítil brenna, 31. desember n.k.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur, brenna við Hvalsá Ólafsvík 6. janúar n.k.

Dalabyggð, brenna við sjávarkambinn neðan við Búðabraut í Búðardal, 31. desember n.k.

Ungmennafélag Staðarsveitar, brenna á Kirkjuhóli, Staðarsveit, 30. desember n.k.

RS tók ekki þátt í afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreint starfsleyfi.

6. Skoteldasýningar. – Umsögn til Lögreglunnar á Vesturlandi.

Björgunarsveitin Elliði, skoteldasýning við Kirkjuhól í Staðarsveit 30. desember n.k.

Björgunarsveitin Ósk, skoteldasýning við smábótahöfnina í Búðardal, 31. desember n.k.

Björgunarsveitin Lífsbjörg, skoteldasýning á Breiðinni, Rifi, 31. desember n.k.

Lagt fram

7. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Berg Grundarfirði. Berg Horsefram Life 1-3. 3 smáhýsi. -Nýtt.

Nesvegur 5 ehf, Grundarfjörður Bed and Breakfast, Nesvegi 5. – *Endurnýjað.*

Pegron ehf, minna gistiheimili (2 smáhýsi), Stóra Kambi, Snæfellsbæ. *Breytt leyfi.*

Stundarfriður ehf, Birkilundur 5, í landi Saura, Helgafellssveit, frístundahús. – *Nýtt leyfi.*

Skáney Reykholtaldal, minna gistiheimili. – *Nýtt.*

Veiðihúsið við Laxá Hvalfjarðarsveit, Veiðifélag Laxár Leirársveit. – *Endurnýjun*

Kalastaðir Hvalfjarðarsveit, 3 frístundahús. – *Endurnýjun.*

Dalakot ehf, Dalbraut 2, Búðardal, Dalakot – *Endurnýjun.*

Jaðar, Bæjarsveit, gistiskáli. – *Endurnýjun.*

Eiði, Grundarfirði, íbúð.- *Nýtt*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

BP tók ekki þátt í afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

8. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Krauma, Deildartunga III, Borgarbyggð. - *Nýtt*

Nesbrauð ehf, Nesvegi 1 Stykkishólmi. Kaffihús. – *Endurnýjun.*

Veiðihúsið við Laxá Hvalfjarðarsveit, Veiðifélag Laxár Leirársveit. – *Endurnýjun*

Matstofan ehf, Brákarbraut 3, Borgarnesi. – *Endurnýjun*

Dalakot ehf, Dalbraut 2, Búðardal, Veitingar og gisting – *Endurnýjun.*

N1 Hyrnutorgi, Borgarnesi. Veitingar – *Endurnýjun.*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

9. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

Uppskeruhátíð árgangamóts, Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum 11. nóvember s.l.
Knattspyrnufélag ÍA.

Árshátíð Nemendafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, félagsheimilinu Þinghamri
18. nóvember s.l.

Þorrablót í félagsheimilinu Árbliki Dalabyggð 3. febrúar 2018. Þorrablót Suðurdala.

Þorrablót í Dalabúð, Búðardal 20. janúar n.k, Ungmennafélagið Ólafur Pá.

Dansleikur í félagsheimilinu Röst, Hellissandi. 28. desember n.k.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir.

10. Aðrar umsagnir

Borgarbyggð. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Ánabrekku send umhverfis- og skipulagssviði.

Akranes: Umsögn vegna tillögu a breyttu aðalskipulagi á Sementsreit send skipulags- og umhverfissviði.

Borgarbyggð. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Ánabakka 13, í landi Ánastaða umhverfis- og skipulagssviði.

Borgarbyggð. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi frístundalóða í landi Dalsmynniss í Norðurárdal send umhverfis- og skipulagssviði.

Borgarbyggð. Deiliskipulagsbreyting á lóð Deildartungu III send umhverfis- og skipulagssviði.

Borgarbyggð. Umsögn vegna nýs deiliskipulags í Einkunnum send umhverfis- og skipulagssviði.

Borgarbyggð. Umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi í landi Húsafells 3 send umhverfis- og skipulagssviði.

Borgarbyggð; Umsögn vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi, „ gamla miðbæjarins“ í Borgarnesi send umhverfis- og skipulagssviði.

Skipulagsstofnun. Umsögn vegna efnisnáma vegna hafnarframkvæmda í Grundarfirði.

Dalabyggð. Umsögn um matlýsingu á breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar send skipulags- og byggingarfulltrúa.

Lagt fram.

11. Önnur mál.

- Skjalagrunnur fyrir HeV.

Framkvæmdastjóri sagði frá gagnagrunni sem nokkur heilbrigðiseftirlitssvæði eru að nota.

Heilbrigðisnefnd samþykkir kaup á aðgangi gagnagrunns ICT Iceland-Filemaker gagnagrunni.

- HeV-bankaheimild til þriggja ára.

Samþykkt að veita formanni og framkvæmdastjóra heimild til að óska eftir yfirdráttarheimild, þegar á þarf að halda, í viðskiptabanka HeV upp á 1.5 milljón króna. Heimildin gildir til þriggja ára.

12. Önnur gögn lögð fram á fundinum:

- UST, Reglubundið eftirlit 2017 í olíubrigðastöð Olíudreifingar ehf í Hvalfirði.

Lagt fram.

- UST, Reglubundið eftirlit 9.11.2017 hjá GMR Endurvinnslunni ehf. á Grundartanga.

Lagt fram.

- „Vorfundur“ HES með MAST. Fundargerð 5. september s.l.

Lagt fram.

- Erindi frá Borgarbyggð vegna úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála nr. 65/2016, um álímingu á bíla á Suðurnesjum.

Lagt fram.

- Úrskurður nr. 118/2015 Úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála um álagningu gjalda heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits á Suðurnesjum.

Lagt fram.

- Staðarstaður, Snæfellsbæ. Umfjöllun og ýmis gögn vegna meints raka í íbúðarhúsnæði.

Lagt fram.

- Gervigras og dekkjakurl. - Rannsókn dr. Guðjóns Atla Auðunssonar og þrifarannsókn á gervigrasi í Kópavogi.

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur er áætlaður **12. febrúar 2018.**